

Hálskirtlataka hjá barni

Í aðgerðinni eru hálskirtlar fjarlægðir í svæfingu. Aðgerðin er oftast gerð vegna endurtekinna sýkinga í kirtlunum.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Ráðlagt er að hætta að taka lýsi viku fyrir aðgerðina þar sem það getur aukið hættu á blæðingu í aðgerð.

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í forsjáraðila nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufari barns sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókn er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Ef barn tekur lyf reglulega er gott að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun



Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og líðan er betri eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Barnið má ekki borða mat síðustu 6 klukkustundirnar fyrir komu á spítalann.
- Dreyfa má á tærum drykkjum (ekki mjólkurdrykkjum) þar til 2 klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er agnalaus drykkur án fitu t.d. vatn eða tær ávaxtasafi.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og burstu tennur. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota krem, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi á umsömdum tíma. Gott er að yngri börn hafi með sér uppáhaldsleikfang svo sem bangsa, dúkku eða bók.

Þegar barnið kemur á deildina fer það í fót frá spítalanum, fær armband með nafninu sínu og kennitölu og fer í rúm.

Barnið fær kvíðastillandi lyf 30-60 mínútum fyrir aðgerðina, því er mikilvægt að barnið mæti á tilteknum tíma. Nauðsynlegt er að aðstandandi fylgi barninu á skurðstofuna og sé hjá því þegar það sofnar og einnig á vöknun þegar það vaknar eftir aðgerðina. **Einungis einn aðstandandi fylgir barninu á skurðstofu og vöknun.**

Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina, sem tekur um eina klukkustund, fer barnið á vöknun E6 á 6. hæð. Þegar barnið er vel vaknað kemur það aftur á dagdeild A5. Útskrift er áætluð um sex klukkustundum eftir aðgerð.

- Gefin eru verkjalyf en búast má við að barnið hafi verki í hálsi sem geta leitt út í eyru.
- Barnið fær vökva í æð fyrst um sinn því erfitt getur verið að kyngja í fyrstu. Fljótlega má barnið þó fá vatn að drekka og borða mjúkt fæði.
- Eðlilegt er að barnið sé með allt að 38 stiga hita að kvöldi aðgerðardags.
- Mest hætta er á blæðingu fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð. Ekki er óvenjulegt að munnvatn sé blóðlitað fyrstu dagana.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðsla
- Rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á

Útskriftarfræðsla

Verkir

Búast má við óþægindum í allt að 7–10 daga eftir aðgerðina. Barnið þarf að fá verkjalyf á fjögurra tíma fresti fyrstu fjóra dagana eftir aðgerð. Eftir það eru verkjalyf gefin eftir þörfum í mesta lagi fjórum sinnum á sólarhring. Ef barnið drekkur eða borðar lítið er líklegt að það sé með verki og þurfi verkjalyf. Mælt er með verkjalyfinu parasetamol (ef barnið er ekki með ofnæmi fyrir lyfinu) sem til er í töflum, freyðitöflum, mixtúru og stílum og er selt án lyfseðils í apótekum. Börn eru jafn ólík og þau eru mörg. Sum eru með verki í 10 daga og geta þurft verkjalyf reglulega allan tímann, meðan önnur eru laus við verki mun fyrr eftir aðgerðina. Veittar eru upplýsingar um skammtastærðir verkjalyfja í útskriftarviðtali.

Barninu má alls ekki gefa önnur verkjalyf, nema læknir barnsins hafi gefið fyrirmæli um það. Lyf sem innihalda asperín (t.d. Magnýl) eða íbúprófen (t.d. Íbúfen) geta aukið hættu á blæðingu.

Mataræði og munnhirða

Forðast þarf mjög heitan mat og heita drykki vegna hættu á blæðingu fyrst eftir aðgerð. Einnig er mælt með að matur sé mjúkur fyrstu dagana, meðan sár eru að gróa. Mikilvægt er að drekka vatn eftir máltíðir til að koma í veg fyrir að matur sitji í sárinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef barnið borðar mjólkurmat. Bursta þarf tennurnar kvölds og morgna.

Hrúður losnar

Eftir 4–10 daga losnar hrúður eða skán af sárinu í hálsinum. Þá eykst aftur hættan á blæðingu og þess vegna er mikilvægt að fylgjast vel með barninu. Um það leyti sem hrúðrið dettur af geta verkir versnað og leitt út í eyru.

Skóli og tómstundir

Ráðlagt er að barnið sé heima frá skóla eða leikskóla í 7–10 daga eftir aðgerðina. Forðast þarf áreynslu (íþróttir, sund og ærsl), heit böð og gufu í tvær vikur eftir aðgerðina vegna hættu á blæðingu frá skurðsvæði.

Hafa þarf samband við göngudeild skurðlækninga B3 ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Blæðing er frá skurðsvæði. Ef mikið blæðir þarf barnið að koma á bráðamóttöku.
- Barnið er með hærri hita en 38°C eða með 38°C hita lengur en í þrjá daga.
- Barnið er óvært, slappt eða með mikla verki.
- Barnið getur ekki drukkið eða borðað.

Ef mikið blæðir þarf að koma með barnið á bráðamóttöku eða hringja í 112.

Ef spurningar vakna eða áhyggjur eru af ástandi barns er velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing á B3 á dagvinnutíma. Utan dagvinnutíma er hringt í skiptiborð Landspítala og óskað eftir viðtali við deildarlækni á skurðlækningadeild í Fossvogi.

Símanúmer

Dagdeild A5, opin virka daga frá kl. 7:00-22:00	543 7570
Göngudeild skurðlækninga B3, opin virka daga frá kl. 8:00-16:00	825 5817
Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn)	543 1000